# Ferðamannakönnun á Borgarfírði eystri 2001



15. talning
14. könnun

Víknaslóðir
Gönguleiðir við Borgarfjörð eystri

# Ferðamannakönnunin 2001

Hér fylgir með **fjórtánda** ferðamannakönnun okkar hér á Borgarfirði eystri og um leið **fimmtánda** ferðamannatalningin í **Álfasteini**. Í sumar fengust 237 svör sem eru sæmilegar heimtur en könnunin nær eingöngu til íslendinga. Svarhlutfall miðað við íslenska ferðamenn er 4,3%, talsvert meira en 2000 en þá var það 3%.

Í sumar kom í **Álfastein** svipaður fjöldi útlendinga og í fyrra en íslendingum fækkar hinsvegar um tæplega 17% eða úr 6.657 í 5.505 og má þar sennilega helst um kenna mjög óvenjulegu veðurfari en fyrri hluti sumars var kaldur og svo voru þoku- og rigningaveður óvenju algeng, einkum er á leið sumarið.

Ekki er gerð sérstök könnun á fjölda göngufólks á svæðinu en ferðaþjónustuaðilar á Borgarfirði eru sammála að mikil aukning sé þar milli ára.

**Ferðamálahópur Borgarfjarðar** hefur annast viðhald á gönguleiðunum með málningu og nýjum stikum þar sem með þarf auk þess og sem merkingar hafa verið yfirfarnar. Endurprentun á göngukorti er í gangi.

**Ferðamálahópurinn** er með góða heimasíðu, vistaða sem undirsíðu hjá Álfasteini ehf, < **www.alfasteinn.is/gonguleidir** > með ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir göngufólk og þá ferðamenn sem til Borgarfjarðar koma. Stöðugt er verið að breyta og bæta þær upplýsingar til að auðvelda fólki að skipuleggja gönguferðir um svæðið. Á heimasíðunni er mikill fjöldi ljósmynda, göngukortið sem gefið var út 1999, ýmsar tillögur að gönguferðum á **Víknaslóðum** auk upplýsinga um skipulagðar gönguferðir á **Víknaslóðum**.

Þessi ferðamannakönnun, okkar er unnin á sama hátt og áður, ekki vísindalega en þó má ýmislegt af henni læra ef við viljum og eins og ávallt áður kemur margt fróðlegt fram í svörum við spurningum 11, 12 og 13.

Eins og undanfarin ár annaðist starfsfólk **Álfasteins** úrvinnslu og tölvuvinnu en eyðublöðin lágu frammi í **Fjarðarborg** og í **Álfasteini**.

Þeir sem svöruðu könnuninni í sumar fá bestu þakkir svo og þeir aðrir sem heimsóttu okkur á Borgarfjörð.

Borgarfirði 18. september 2001.

Helgi Magnús Arngrímsson.

formaður Ferðamálahóps Borgarfjarðar
og framkvæmdastjóri Álfasteins ehf.


Árlegur fjöldi ferðamanna í Álfasteini 1987 - 2001
12000
10000
8000
6000
4000
2000
0
7801
8867
8460
7563
9248
8354
9159
9672
6435
8511
9266
7076
6509
4966
5045
2001
2000
1999
1998
1997
1996
1995
1994
1993
1992
1991
1990
1989
1988
1987


Gestir í Álfasteini eftir vikudögum 1987-2001
1400
1200
1000
800
600
400
200
0
1176
1151
1092
1082
1077
1055
1104
sunnudagur
mánudagur
þriðjudagur
miðvikudagur
fimmtudagur
föstudagur
laugardagur




## Rútufjöldi í Álfasteini 1989 - 2001



## Meðalfjöldi ferðamanna í Álfasteini 1987 - 2001




## Fjöldi ferðamanna í Álfasteini eftir dögum sumarið 2001



## 1. Hvaðan af landinu ert þú?




## 2. Hvar fékkst þú upplýsingar um Borgarfjörð?




## 3. Hver er ástæðan fyrir komu þinni hingað?




4. Hefur þú komið hér áður?
Svara ekki
13%
Já
43%
Nei
44%


5. Hvaða þjónustu hefur þú nýtt þér?
70%
60%
50%
40%
30%
20%
10%
0%
59,1%
24,9%
10,5%
49,4%
0,8%
0,4%
3,4%
22,4%
9,7%
Veitingar
Gistingu
Tjaldstæði
Verslun
Áætlunar-ferðir
Hestaferðir
Stangveiði
Göngu-leiðakort
Leiðsögn


6. Hvaða staði hefur þú skoðað hér?
100%
90%
80%
70%
60%
50%
40%
30%
20%
10%
0%
88,2%
32,9%
24,1%
47,7%
43,5%
19,4%
25,3%
12,7%
41,8%
8,0%
13,9%
Álfastein ehf
Kirkjuna
Minnisvarða um Kjarval
Álfaborgina
Útsýnispall á Hafnarhólma
Gönguferðir
Loðmundarfjörð og Víkur.
Innra Hvannagil
Naddakross
Kaninukot
Stórurð

## 7. Vissir þú um Álfastein áður en þú komst hingað?




## 8. Fjölmargar álfa- og huldufólkssögur eru tengdar Borgarfirði eystri.









## 9. Hvaða eftirtalda þjónustu myndir þú nýta þér hér ef hún væri til staðar?




## 10 a. Veist þú hvað „Álfaborgarsjens“ er?




## 10 b. Veist þú hvað „Andvökunætur“ er?



# Spurning 11.

## Hverju finnst þér að þurfi að breyta hér til að þjónusta ferðamenn betur ?

E.t.v. þarf meiri samvinnu milli staða t.d. milli Borgarfjarðar og Héraðs – menn eru dálítið að potast hver fyrir sig – burt með hrepparíginn. (Rvík – ætt og uppeldi á Héraði)

Veitingasalurinn. mætti vera betri þjónusta. Kakóið hér er viðbjóður. ( Egilsstaðir)

Engu. það sem er heillandi við þennan stað er látleysið. það eina sem vantar eru sumarbústaðir. Kynna staðinn betur. ( Ólafsvík )

Hef ekki dvalið hér nógu lengi til að dæma um það. ( Garðabæ )

Fá strippstað. ( Reykjavík )

Setja upp sýningarbás frá Álfasteini í veitingahúsið. fleiri bæklinga frammi. póstkort. styttri skoðunarferðir ( dagferðir ) með leiðsögn um helgar t.d. ( Rvík )

OK. ( Selfoss ) Nei. ( Hvolsvöllur )

Það þarf engu við að bæta. ávallt til þjónustu reiðubúin. ( Mosfellsbæ )

Meiri og augljósari ferðaþjónustu. t.d. þjónustumiðstöð. ( Keflavík )

Benda ferðamiðstöðvum betur á staðinn. ( Hafnarfirði )

Betri verslun. e.t.v. sundlaug. ( Rvík )

Hótel 3 stjörnur. sundlaug og bátsferðir. ( Akureyri )

Já. byggja sundlaug og gera betri vegi um fyrðina. ( Garðabæ )

Góða sundlaug–betri merkingar–verslanir–hótel–gott kaffihús + allt í lið 9. (Rvík)

Betri upplýsingar um jeppaferðir t.d. Loðmundarfjarðar. ( Keflavík )

Mér finnst þetta allt á mjög góðu róli. ég var sérstaklega ánægð að sjá í sjónvarpi í gær. 17. júní. hversu mikið er búið að merkja af gönguleiðum og myndi gjarnan vilja dvelja hér í lengri tíma og nýta mér það. ( Reykjavík )

Veit ekki. þarf að hafa verið lengur til að geta metið það. ( Seyðisfirði ) Hún virðist góð. Vegasamgöngur. veður ( kom í þoku og rigningu ). ( Reykjavík )

Þetta er bara fínt svona en kannski sundlaug. ( Garðabæ )

Hafa kannski sundlaug hér og bæta þjónustuna betur. ( Reykjavík )

Stórt kort við bæinn eða í bænum. ( Reykjavík )

Esso-söluskála m/ grilli og sundlaug. Kannski líka ferðir með bát um fjörðinn. (Kópavogur)

Ég skal láta ykkur vita ef mér dettur eitthvað í hug. ( Hvolsvelli )

Yndislegt eins og það er. Frábært að vera hér. ( Reykjavík )

Þetta er gott eins og þetta er. lítill staður og afskekktur. ( Reykjavík )

Mætti vera upplýsingamiðstöð þar sem saga staðarins er rakin í máli og myndum + gallerí og kaffihús í sjarmerandi litlu gömlu húsi. ( Akureyri )

Stoppaði svo stutt. get ekki sagt til um það. ( Skagafirði )

Auglýsa betur hvað er í boði þegar komið er inn í bæinn. ( Kópavogi )

Vantar kaffihús. Fann það ekki. er það á staðnum ? ( Reykjavík )

Opnunartíman í Kaupfélaginu. Ferðamenn farnir að morgni og ekki komnir að kvöldi ( á við um helgar ) þegar Kaupfélagið er opið. ( Akureyri ) Stór bensínstöð með skyndibitastað við aðalgötuna. ( Garðabæ ) Opna bensínafgreiðslu fram eftir kvöldi eða bensínsjálfsala. ( Hafnarfirði ) Hvar er sjoppan ? ? ? ? ( Hellissandi ) Það vantar sjoppu. ( Stykkishólmur ) Betri bensínafgreiðslu. ( Reykjanes ) Ég kom hingað með tóman gaskút og fór gaslaus. Það var allt lokað þegar ég kom. ( Stöðvarfirði ) Litlu. mættu fást handklæði. ( Vopnafirði ) Verlsun þyrfti að vera opin meira en er. (Skagafirði )

Sundlaug væri efst á óskalista. úrval í verslun mætti vera meira. T.d. einhver handverksstaður annar en Álfasteinn. ( Reykjavík )

Hef ekki burði til að setja út á eitt eða neitt þar sem allt hefur verið í mína þágu. (Eyjafj. sýsla )

Eflaust er hægt að breyta einhverju, t.d. þætti mér ágætt að hafa snyrtilega sundlaug. (Reykjavík )

Betri vegi – sumarbústaði. ( Akureyri )

Merkja þjónustuaðila betur, verslun o.s.frv. Setja upp skilti sem sýnir áhugaverða staði. ( Reykjavík )

Hestar, sundlaug. ( Reykjavík )

Hafa meira "action" um verslunarmannahelgina. ( Grindavík )

Betri kynning – kynna fyrir fólki á öðrum landshlutum hvað hér er. ( Reykjavík )

Hafa veitingasölu. ( Hellissandi )

Það má ekki spilla einfaldleikanum. ( Hafnarfirði )

Bátsferðir í t.d. Loðmundarfjörð. Sundlaug. ( Garðabæ )

Sundlaug – frekari leiðsögn. ( Reykjavík )

Þessi spurningalist mætti vera á fram og bakhlið – hann er pínu ruglingslegur svona þétt skrifaður. (Svalbarðsströnd)

Hafa búðir opnar lengur og hafa sundlaug. ( Reykjavík ) Meiri verslun og sundlaug. ( Stykkishólmi ) Sundlaug – lengri opnunartíma þjónustu. ( Reykjavík )

Þjónusta virðist nokkuð góð en alltaf má gera betur. ( Hafnarfirði )

Betri gistiaðstaða. Baðaðstöðu + snyrtingar. ( Reykjavík )

Sundaðstöðu og meira áberandi veitingaþjónustu. ( Akureyri ).

Meiri þjónusta um helgar. ( Akureyri )

Að bjóða öllum rúm að gista í – og burt með dýnur á gólf. ( Færeyjar )

Betri salerni á tjaldstæði og t.d. gashituð sturta. (Bakkafjörður / Keflavík )

Betri búð, meiri og lægra vöruval í matvöru. Sundlaug eða pott. Hestaleiga. Gróðursetja tré og blóm til fegrunar. Í guðanna og álfanna bænum látið ljótu ryðdallana hverfa. Þeir eru ljótt lýti. ()

Vel. ( Stykkishólmur )

Stærri búð, sundlaug, smákofagistingu, bátsferðir. Taka stóru dunkana (Olíutankar eða eitthvað álíka). (Rvík)

Meiri verslun og sundlaug. ( Stykkishólmur )

Setja stærri skilti og merkja betur fyrirtæki. t.d. Restaurantið og búðina. ( Hella )

Sundlaug væri kærkomin, skemmtilegur bar, sturtur á tjaldstæði. ( Rvík )

Það mættu vera leiktæki fyrir börn á tjaldstæðinu og kannski spegill við vaskana? (Reykjavík )

Meira svefnpokapláss vantar – ef veður verður vott eins og núna. ( Eyjafjörður )

Engu sérstöku. ( Stöðvarfirði ) Engu. ( Suð-Austurland ) Engu. ( Kópavogur ) Engu. ( Rvík ) Engu. ( Snæfellsbær ) Ekki breyta neinu. ( Rvík ) Engu, þetta er æðislegt. ( Rvík ) Ekki of miklu. ( Ravík )

Veit ekki. ( Húnaþing vestra ) Veit ekki. ( Austurríki ) Veit ekki. ( Hella ) Veit ekki. ( Rvík ) Ekki hugmynd. ( Borgarnesi ) Koma með sundlaug. ( Seyðisfirði )

Byggja sundlaug. ( Stykkishólmi ) Sundlaug. ( Kópavogi ) Sundlaug. ( Rvík ) Sundlaug. ( Rvík ) Sundlaug!! ( Rvík ) Sundlaug. ( Rvík ) Sundlaug. ( Rvík. )

Sundlaug / betri sturtur. ( Rvík ) Sundlaug / betri sturtur. Vantar sturtuaðstöðu. ( Garðabæ ) ( Rvík ) Tíðari hreinsun á tjaldstæði ( sorp og salerni ). Betri hreinlætisaðstöðu. ( Kópavogur )

Sundaðstöðu og meira áberandi veitingaþjónustu. ( Sauðárkrókur) Sundlaug – til að þvo af sér rykið eftir Loðmund. ( Mosfellsbæ )

Sturtur? ( Seltjarnarnes ) Komst í sturtu. ( Kópavogi ) Baðaðstöðu. ( Reykjavík ) Hafa stærra tjaldstæði. ( Akureyri ) Betri aðstöðu á tjaldstæði. ( Reykjavík ) Fleiri klósett, annars er þetta hreint yndilegur staður. ( Reykjavík )

Vegurinn. ( Hafnarfjörður ) Vegir yfir heiðar mættu bætna. ( Reykjavík ) Laga veginn yfir skarðið. ( Reykjavík ) Laga vegina. ( Akureyri ) Bæta vegasamgöngur. (Reykjavík ) Betri vegasamgöngur. ( Kópavogur )

Vegurinn hingað er hryllilegur, þess vegna ætla ég ekki að koma hingað aftur þótt staðurinn sé mjög vinalegur. (Varmahlíð )




Ferðamálahópur Borgarfjarðar reysti þessa hringskífu á Gagnheiði sumarið 1999 m.a. með styrk úr Umhverfissjóði verslunarinnar. Þetta er steinplata sem unnin var hjá Álfasteini á Borgarfirði.

# Spurning 12

## Hvernig kom þér staðurinn fyrir sjónir?

Fallegt og friðsælt, fjöllin frábær. (Kópavogur)
Afskaplega indæll og viðkunnalegur. Mjög fagurt landslag. (Reykjavík)
Fallegur fjörður, lítill bær, skrítið fólk en góð stemmning í loftinu. (Austurland)
Ég er á ferðalagi með foreldrum mínum og þau vildu endilega kíkja á þetta pleis. (Húsavík)
Forn. (Akureyri)
Vinalegur, fallegur og kyngimagnaður. (Akureyri)
Nokkuð vel, falleg fjöll og mikið áhugavert. ( Hveragerði)
Glæsilegt og hreinlegt. (Akureyri)
Við vorum bara að skoða kortið og svo allt í einu, blúbs, fórum hingað. (Ólafsvík)
Fallegur staður með mikið fuglalíf. (Akureyri)
Ágætlega, mætti vera betri lykt. (Reykjavík)
Mjög heillandi, einangraður. (Reykjavík)
Vel, snyrtilegur. (Hólmavík)
Tiltölulega úr sér genginn. (Reykjavík)
Ágætlega, en sum húsana niðurnídd. (Reykjavík)
Stæri en mig minnti. (Akureyri)
Minni en ég hélt. (Húsavík)
Vinalegur þar sem að tíminn er nánast afstæður. Veit samt að þið eruð dugleg vegna kynna af fólki sem að er héðan. (Djúpivogur)
Vel, smá draslaralegur. (Kópavogur)
Mjög vel, dálítið draslaralegt hjá sveitabæjum. (Akureyri)
Skemmtilegur staður, samheldinn. (Reykjavík)
Sólríkur. (Garðabær)
Jákvætt umhverfi og vinalegt, fjölmennari byggð en von var á, hins vegar mætt laga betur og snyrta við aðalgötu. (Bessastaðahreppur)
Sjarmerandi, rólegur, í jafnvægi, fólkið traust og full af fallegum myndum. (Reykjavík)
Þoka og rigning – má laga sum húsanna en annars mjög skemmtilegt. (Borgarnes)
Borgarfjörður eystri er mjög fallegur staður. (Reykjavík)
Fjallasýn fögur enda veður frábært. (Mosfellsbær)
Dásamlegur. Náttúrufegurð staðarins og umhverfis er dásamlegt. Augna-konfekt. (Þorlákshöfn)
Fallegur og viðkunnalegt heimafólk. (Reykjavík)
Fallegur staður og vingjarnlegt fólk, kem örugglega aftur. (Reykjavík)
Mikil náttúrufegurð, miklir möguleikar. (Reykjavík)
Einkar fallegur staður með mikla ferðamöguleika. Ferðamenn hafa gert mikið til að auka gildi staðarins. (Kópavogur)
Mikil náttúrufegurð, staðurinn kemur vel fyrir sjónir. (Reykjavík)
Fallegur en kalt. (Rángárvallasýsla)
Notalegt þorp en þjónustulítið, ekki gert margt fyrir ferðamanninn. (Reykjavík)
Hér er allt á réttri leið. (Reykjavík)
Mjög fallegur staður með fallegri fjallasýn. (Árnessýsla)
Mjög fallegur fjörður og umhverfi en þyrfti að fegra útlit bæjarins sjálfs. (Eyjafjörður)
Fallegt útlit en afskekkt þorp. (Kópavogur)

Umhverfið er ægifagurt en gera mætti átak í umhverfismálum bæjarins s.s. málun húsa, tiltekt á lóðum og það mætti rífa gömlu bræðsluna. (Reykjavík)

Stoppað of stutt vegna veðurs. (Reykjavík)

Í svarta þoku, sá lítið en sá þó Álfaborg. (Reykjavík)

Þoka, vegurinn hár og hættulegur. (Seltjarnarnes)

Skringilegur. (Kópavogur)

Ótrúlega fallegur, litadýrð mikil og mikið fuglalíf. (Reykjavík)

Fallegur en húsin í þorpinu frekar illa við haldið. (Akureyri)

Sæmilega. (Egilsstaðir)

Í þoku. (Norð-Austurland) Þokukenndur. (Höfn) Þoka en annars fínn staður. (Kópavogur)

Fámennur en hlýr. (Akureyri)

Fallegasti staður á Íslandi og þó víða væri leitað. (Seltjarnarnesi)

Sæmilega, frekar dauður bær. (Reykjavík)

Sjarmerandi lítill staður, með jákvæða og framtakssama hugsun. (Kópavogur)

Eins og ég væri kominn á annað uppeldissvæði. (Reykjavík)

Líkur Siglufirði, sjávarþorp. (Siglufjörður)

Þetta er dásamlegur staður, hef gengið Njarðvíkurskriður í snjó fyrir 50 árum. Kom síðan með leiðsögn Árna Halldórssonar Ásgrímssonar – heillandi staður.(Vestm.eyjar)

Vel, sérstaklega aðkoman að staðnum. Dyrfjöll, Njarðvík, Njarðvíkurskriður og Álfaborgin. (Hafnarfjörður)

Mjög fallegur og snyrtilegur. (Reykjavík)

Mér líst vel á þennan stað. (Djúpivogur)

Sem lítið sjávarþorp, mjög vinalegt en vantar andlitslyftingu. (Suðurlandkjördæmi)

Falleg hús og falleg náttúra, en ætti að rífa gömul og ryðguð hús, bragga og tanka. (Mývatnssveit)

Í fyrra skiptið sem ég kom hingað ('97) var þurrt og þá var mjög notalegt hérna, núna er rigning, þá er blautt en fallegt í bæði skiptin. (Árnessýsla)

Fallegur í góðu veðri. (Norðurlandi Eystra)

Fallegur, mikilfenglegur. (Akureyri)

Bara mjög vel eins og alltaf. (Neskaupstaþur)

Mér líst ágætlega á staðinn. (Reykjavík)

Ákaflega fallegur þegar þokunni loks létti. Áhugaverður – gott framtak allar þessar gönguleiðar sem ég þó nýtti mér ekki í þetta skiptið. (Akureyri)

Meðal. (Reykjavík)

Gamaldags sjómannabær. (Selfoss)

Mjög vel, en það var dálítil þoka sko. (Húsavík)

Fremur líflaus en friðsæll. (Eyjafirði)

Fallegur staður – snyrtilegur og hlýlegur. Einnig er leiðin mjög falleg. (Reykjavík)

Hér er gott og fallegt veður og mjög fallegt bæjarstæði. Tjaldstæði + aðstaða góð. (Húsavík)

Afar notalegur – náttúrufegurð stórkostleg. Rólegt og afslappað yfirbragð, gott fólk. (Reykjavík)

Mjög fallegur – mikil þoka. (Reykjavík)

Frábær – bæði staður og fólkið – yndislegt og greiðvikið. (Reykjavík)

Frábær og bestur. (Austur-Hérað) Alltaf jafnvel. (Reykjavík)

Skemmtilegur. (Egilsstaðir) Heillandi. (Akureyri)

Fallegur og góð þjónusta og hlýtt viðmót. (Skagafirði)

Staðurinn er fallegur og fólkið einstaklega vinsamlegt. (Skagafirði)

Ekki nógu vel það var svo mikil þoka. (Akureyri)

Lítill - rólegur. (Reykjavík) Lítið sætt pláss. (Reykjavík) Lítill smábær. (Reykjavík) Lítill. (Reykjavík)

Snyrtilegur bær en minni en ég hélt. (Garðabær)

Fallegri en ég hélt. (Reykjavík)

Frábært. Ósnert náttúra.

Dásamlega. (Vestmannaeyjar) Sérdeilis vel. (Egilsstaðir) Skemmtilega. (Garðabær) Áhrifamikill. (Hafnarfjörður) Áhrifaríkur. (Hafnarfjörður) Stórkostlegur. (Keflavík) Flottur. (Akureyri)

Alltaf jafn fallegur. (Reykjavík) Alltaf jafnfallegur. (Húsavík) Fallegur. (Reykjavík) Fallegur. (Borgarfjörður Syðri) Mjög fallegt. (Reykjavík) Fallegur. (Reykjavík) Fallegur. (Keflavík, Reykjavík) Fallegt hér. (Kópavogur) Fallegur. (Garðabær) Fallegur. (Reykjavík) Fallegur. (Mosfellsbæ) Fallegur. (Reykjavík) Fallegur staður. (Hafnarfjörður) Fagurt. (Kópavogur) Fallegur. (Egilsstaðir)

Mjög fallegur. (Húsavík) Mjög fallegur. (Kópavogur) Mjög fallegur staður. (Kópavogur) Ótrúlega fallegur. (Reykjavík) Æðislega flottur. (Akureyri) Vel. (Hella, Rangárvöllum) Vel. (Hafnarfjörður) Vel. (Kópavogur) Vel. (Reykjavík) Vel. (Reykjavík) Vel. (Reykjavík) Vel. (Reykjavík) Vel. (Reykjavík) Vel. (Skagafjörður) Vel. (Akureyri, Reykjavík) Vel. (Reykjavík) Vel. (Kópavogur, Reykjavík, Reykjavík, Bessast. hreppur, ) Vel. (Reykjavík) Vel. (Reykjavík) Vel. (Reykjavík) Vel. (Eskifirði) Vel. (Eskifirði) Vel. (Hrísey) Vel. (Reykjavík) Vel. (Reykjavík) Vel. (Reykjavík) Vel. (Kópavogur) Vel. (Vopnafjörður) Vel. (Reykjavík) Vel. (Reykjavík) Vel. (Akureyri) Vel. (Egilsstaðir) Vel. (Reykjavík) Vel. (Reykjavík) Vel. (Reykjavík)

Mjög vel. (Sauðárkrókur) Mjög vel. (Akureyri) Mjög vel. ( Vestmanneyjar) Mjög vel. (Reykjavík) Mjög vel. (Akureyri) Mjög vel. (Reykjavík) Mjög vel. (Reykjavík) Mjög vel. (Kópavogur) Mjög vel. (Hafnarfjörður) Mjög vel. (Reyðarfjörður) Mjög vel. (Kópavogur) Mjög vel. (Reykjavík) Mjög vel. (Reykjavík) Mjög vel. (Hafnarfjörður) Mjög vel. (Fjarðarbyggð) Mjög vel. (Eskifjörður) Mjög vel. (Belgía) Mjög vel. (Fjarðabyggð) Bara vel. (Kópavogur) Afar vel. (Reykjavík) Mjög vel, fallegur. (Reykjavík) Mjög vel, fallegur. (Reykjavík) Afskaplega fallegur. (Vopnafjörður) Fallegasti staður á Íslandi og víðar! (frá 2000) (Þýskaland)

Frábær. (Reykjavík) Frábær. (Hafnarfjörður) Frábær. (Reykjavík)

Ágætlega. (Reykjavík) Ágætlega. (Reykjavík) Ágætlega. (Bakkafjörður) Alveg ágætlega. (Hveragerði) Ágætlega. (Akureyri)

Yndislegur. (Aðaldal) Yndislega. (Garðabær)

Fallegur og friðsæll. (Reykjavík) Fallegt umhverfi, rólegheit. (Reykjavík) Fallegur og friðsæll. (Kópavogur) Vel, friðsælt og notalegt. (Djúpivogur) Rólegur og fallegur. (Reykjavík) Rólegur og fallegur. (Selfoss) Friðsælt og fagurt. (Kópavogur) Fallegur og rólegur. (Seltjarnarnes) Staðurinn er friðsamur og fallegur. (Varmahlíð, Skagafjörður)

Notalegur. (Snæfellsbær) Notalegur. (Seyðisfjörður)

## Spurning 13

### Að lokum. Hvað kom þér mest á óvart hérna?

Fallegt umhverfi og gott fólk. (Kópavogur) Hvað fólkið er opið og vingjarnlegt og gott að tala við það. (Kópavogur) Fólkið er svo vingjarnlegt og eldar góðan mat. (Reykjavík) Yndislegur staður – þjónustulundað fólk. (Reykjavík) Hvað er skemmtilegt fólk hér. (Egilsstaðir)

Hvað Álfasteinn ehf. er orðið mikið blómlegt fyrirtæki, því það eru víða vörur héðan, t.d. í Bláa Lóninu, Fríhöfninni og víðar og víðar. Þið getið verið stolt af. (Djúpivogur)

Að það sé ekki sundlaug hérna og það fáist ekki pylsur í Kaupfélaginu. (Reykjavík)

Hve mörg hús voru hér. (Hólmavík)

Kirkjan í rústi. (Ólafsvík)

Fjölbreytni í náttúru, fuglahólminn er einstakur og stiginn mjög gott framtak en það vantar að nýta alla þessa möguleika svo sem sundlaug, sumarbústaði, smákofagistingu, skipulagðar hestaferðir, leiðsögn um álfaslóðir, skipulagðar gönguferðir og ekki síst bátsferðir. (frá 2000) (Þýskalandi).

Fuglabyggðin og hvað snjórinn hérna er ennþá mikill. (Akureyri)

Byggðin og fólkið sem býr hér. (Hveragerði)

Hrafnarnir sem að hengdir voru upp í fiskihjöllunum, það var til skammar. (Akureyri)

Góður vegur og aðkoma bæinn, snyrtilegt umhverfi og gott viðmót. (Reykjavík)

Bjartsýni fólksins – allt sem þarf. (Reykjavík)

Allt stenst væntingar. (Austurland)

Gamlir karlar með skegg, (finnast hér á landi enn). Orginal týpurn verður að viðhalda. (Reykjavík)

Náttúrufegurð og gróðusæld í Loðmundarfirði og Víkum (sérstaklega Húsavík) og landrými. Gönguleiðakort til fyrirmyndar og tímasett lok ábúðar á eyðibýlum. (Vopnafjörður)

Hér ríkir heilmikil orka sem á eftir að nýtast svæðinu vel. (Kópavogur)

Útsýnið frá Álfaborg. (Reykjavík)

Ég var að koma og er búin að skoða lítið. (Reykjavík)

Hvað fólkið dáði Dyrfjöllin, er samt sjálf farin að líta á þau öðrum augum og fegurðin vel í hverri ferð. Vildi hafa augu Kjarvals og sjá hið innra. (Vestm. eyjar)

Smæðin og hvað fjallasýnin er ótrúleg. (Akureyri)

Ekkert og það er ekki í neikvæðum skilningi, fegurðin er einstök. (Reykjavík)

Fallegur fjallahringurinn, snoturt tjaldstæði og fuglalífið. (Reykjavík)

Góðar vöfflur en kaffið mætti vera betra. (Seltjarnarnes)

Að nokkur skuli sjá vit í að búa hérna. (Reykjavík) Hvað húsin eru gömul og illa farin. (Húsavík) Hvað sum húsin eru ljót og illa farin. (Húsavík)

Að veðurspáin skuli alltaf vera slæm. (Höfn)

Í stórum dráttum þá fer ég ánægður á braut. (Reykjavík)

Engin pylsusjoppa. (Kópavogur)

Fjöllin og stærð fjarðarins. (Kópavogur)

Ekkert því ég hef komið áður með hópa. Maturinn er góður og snyrtiaðstaða mjög góð. (Vestmannaeyjar)

Að þið næðuð í fótboltalið. (Eskifjörður)

Fótboltavöllur. (Eskifjörður)

Borgarstjórinn. (Reykjavík)

Að fólk skuli enn geta búið svona erfiðar samgöngur, það heillar mig þó að ég haldi að það passi ekki fyrir mig. (Árnessýslu) Að fólk skuli búa hér allt árið. (Seltjarnarnes) Að fólk skuli geta búið hér. (Akureyri)

Hvað það er fallegt hérna miðað við að ég hef aldrei heyrt um staðinn. (Árnessýsla)

Kvöldin. (Rangárvallasýsla)

Gestrisni, Hafnarhólmi og vísir að fuglaskoðunarhúsi. (Reykjavík)

Víkurnar, Hafnarhólmi. (Reykjavík)

Gott veður. 4. júlí. (Akureyri)

Kjötsúpan og rúgbrauð með eggi á hótelinu. Frábær íslenskur matur. (Reykjavík)

Fegurðin hvar sem maður leit og steinar sem að við fundum. Þetta er stórkostlegur staður og ég er viss um að við komum hér seinna. (Þorlákshöfn)

Hér kemur ekkert á óvart, maður veit að allt er dásamlegt hérna. (Egilsstaðir)

Að búðin skyldi vera opin um helgar. (Bakkafjörður)

Fámennur skóli. (Garðabær)

Hvað það er mikil afþreying fyrir ferðafólk, þ.e. göngufólk. (Borgarfjörður vestri)

Ekkert, þetta er mjög fallegt og skemmtilegt. (Hafnarfjörður)

Blómleg byggð og mannlíf. (Hafnarfjörður)

Landslagið margbrotið og alger paradís göngumannsins. (Hafnarfjörður)

Hvað þetta svæði - Borgarfjörður eystri/Víkur eru stórkostlegt svæði, fallegt og magnað – gagnvart ferðamanninum s.s. góð leiðsögn, skilti, gott húsaskjól og góður matur. Vona að þið vaxið upp í skjóli þess trausts sem þið hafið byggt upp. (Suðurland)

Fjöllin, gróður mikil sveit. (Kópavogur)

Gestrisni og jákvætt viðmót heimafólks fannst mér frábært. (Bessast. hreppur)

Góð þjónusta, fjölbreytt umhverfi, jákvætt andrúmsloft og friðsæld. (Bessast. hreppur)

Frábært of fjölbreytt landslag, og hve gönguleiðirnar eru vel merktar. (Reykjavík)

Góð þjónusta Björgunarsveitarinnar. (Reykjavík)

Mér finnst lítið hafa breyst hér frá því ég var í sveit hér á sumrin. En þó eru betri vegir en áður, miklu betri. (Seltjarnarnes)

Veðrið var dásamlegt, mikil náttúrufegurð og vingjarnleiki heimamanna. (Reykjavík)

Er ekki búin að fara nóg um vegna þoku.`(Skagafjörður)

Gætið að hvað verðlag varðar. (Suðurlandskjördæmi)

Að þessi bær varð til. (Djúpivogur)

Að það sé engin sundlaug. (Reykjavík)

Statusinn á þjónustunni. (Reykjavík)

Hvað fámennið getur gert frábæra hluti. Frábært. (Vopnafjörður)

Það var ekki sól og 20° C hiti. :) (Borgarfjörður Syðri)

Að þessi staður var til og Lindarbakki. (Kópavogur)

Hvað þetta litla bæjarfélag hefur í raun upp á margt að bjóða fyrir ferðamenn. Haldið áfram á sömu braut! (Akureyri)

Ég var að koma og búin að skoða lítið. (Reykjavík)

Fjölbreytni. (Reykjavík)

Fiskaflinn. (Reykjavík)

Hvað allir eru klikkaðir hérna. (Neskaupstaður)

Fallega viðhaldin hús. (Akureyri)

Ég átti von á að hér væru fleiri bátar í höfninni. (Varmahlíð, Skagafjörður)

Þetta er svo lítið kaupfélag. (Reykjavík)

Hve margir ferðamenn vor hér. (Reykjavík) Fjöldi göngumanna. (Reykjavík)

Sá sterki vilji heimamannaað laða til sín ferðamenn og berjast fyrir atvinnu til að viðhalda heimabyggðinni. (Skagafjörður)

Veit ekki. Kem 3-4 sinnum á ári. (Reykjavík)

Að við skulum ekki öll eiga heima á svona stöðum. (Sauðárkrókur)

Að öll hús hafa sitt nafn. (Reykjavík)

Bara gaman að djamma. (Egilsstaðir)

Leiðin hingað. (Fjarðarbyggð) Lélegur vegur. (Norð-Austurland) Erfið leið á staðinn. (Akureyri) Hvað vegurinn hingað er hræðilegur. (Ólafvík)

Veðrið. (Mosfellsbær) Veðrið. (Reykjavík) Veðrið. (Belgía) Þokan. (Kópavogur)

Meiriháttar list í Álfasteini. (Vestmanneyjar) Steinasafnið. (Hafnarfjörður) Álfasteinn. (Reykjavík) Stóri Jaspisinn. (Kópavogur)

Það er mjög fallegt hér um slóðir. (Reykjavík) Náttúrufegurðin þegar sólin skín. (Skagafjörður) Stórkostlegt landslag. (Hafnarfjörður) Náttúran. (Reykjavík) Náttúrufegurðin og fuglalífið. (Akureyri) Landslagið. (Akureyri) Náttúrufegurðin. (Reykjavík) Fjöllin. (Reykjavík)

Höfn. Hafnarhólmi. Góð gönguleiði. (Hvammstangi)

Allt. (Reykjavík)

Kyrrðin og fegurðin. (Reykjavík) Fegurðin meiri en ég átti von á og fólkið ennþá elskulegra. (Reykjavík) Fallegri en ég hélt. (Reykjavík) Flottur staður. (Akureyri)

Ekkert. (Kópavogur) Ekkert. (Reykjavík) Ekki neitt. (Austur-Hérað) Ekkert. (Hafnarfjörður) Ekkert. (Þorlákshöfn) Ekkert. (Egilsstaðir) Ekkert. (Egilsstaðir)

Fegurð og snyrtilegur bær. (Húsavík)

Æðislegir garðar hér, sérstaklega hjá húsunum hér uppfrá. Takk fyrir. (Húsavík)

Stelpa sem heitir Eyrún. ( )

Fegurðin. (Reykjavík) Fegurðin. (Hella, Rangárvöllum) Náttúrufegurðin. (Akureyri) Náttúrufegurðin. (Reykjavík) Fegurðin til fjallanna. (Reykjavík) Hvað þetta er fallegur staður. (Reykjavík) Fegurðin. (Reykjavík) Fegurðin. (Reykjavík) Fegurðin. (Kópavogur) Fegurðin. (Reykjavík)

Fuglaskoðunarhúsið frábært. Þó mættu fuglabækur á íslensku vera betri. Aðstaða í Hafnarhólma frábær til nátturu- og fuglaskoðunar. (Reykjavík) Hafnarhólminn og aðstaðan til að upplifa fuglalífið þar. Þetta er einkar vel heppnað og skemmtilegt. (Kópavogur) Fuglalífið sem að ég sá á útsýnispallinum. (Reykjavík) Fuglabyggðin í Hafnarhólmanum, bjóst ekki við fuglunum, bara útsýninu. (Reykjavík) Lundarnir í Hafnarhólma. (Kópavogur) Fuglalífið. (Reykjavík) Fuglalífið. (Selfoss)Hafnarhólmi. (Reykjavík) Hafnarhólminn með hinu fjölbreytta fuglalífi. (Reykjavík) Hafnarhólmi. (Kópavogur) Hafnarhólminn. (Keflavík) Hvað það er gott lundaskoðunarsvæði sem að ég vissi ekki af. (Akureyri) Útsýnispallurinn í Hafnarhólma. (Hveragerði) Fuglalífið í Hafnarhólma. (Akureyri) Höfnin. (Aðaldal) Höfnin. (Reykjavík) Fuglabyggðin. (Reykjavík)

Hvað þetta er lítið. (Kópavogur) Hvað það búa hér fáir, fá hús. (Mývatnssveit) Smæðin. (Garðabær) Mannfæðin. (Garðabær) Fámennið. (Garðabær) Hversu fáir búa hér. (Reykjavík) Hvað hér búa fáir. (Akureyri) Hvað það búa fáir hérna (130 manns). (Hafnarfjörður) Hversu lítill bærinn er. (Reykjavík) Hvað staðurinn er lítill. (Akureyri) Að sjá svona mörg hús. (Húsavík) Hve bærinn er lítll og heillandi umhverfi. (Reykjavík) Smæð staðarins, að það skyldi vera bær hérna. (Reykjavík)